

1869.  
9. marz.

herra stiptamtmaður (amtmaður), eruð þér beðnir, ef ske kynni að sýslumennirnir í umdæmi því, sem þér eruð settir yfir, kæmust í skuldir við ríkissjóðinn fyrir sýslugjöldum, þá að fara að á sama hátt og hær er mælt fyrir, og eins eruð þér beðnir að leggja ríkt á við sýslumennina að senda sýslureikninga sína fyrir hinn ákveðna tíma, og ef útaf því bregður, að fara að eins og að framan er sagt.

9. marz.

**24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmansins yfir Íslandi, um afgang af umboðsjörðum Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs.**

Með bréfi dagsettu 14. desembermán. f. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt frá Jóni Jónssyni, umboðsmanni yfir Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs umboði, þar sem hann fer þess á leit, að leiguliðunum á tæðum umboðsjörðum verði leyft, sökum hinnar almennu peningaeclu í Skaptafellsýslu, fyrst um sinn í 1 eða 3 ár að gjalda jarðar-afgjöldin, sem áskilin eru í byggingarbréfunum — sér í lagi þann hlutann, sem ekki er goldinn í peningum 8 skildinga alinin — í hestum, sauðfé, ull, smjöri, tólk eða skinnnum, í staðinn fyrir í peningum, og að síðan megi selja skepnur þessar og vörur á opinberu uppboðsþingi á kostnað umboðsjóðsins. Hafð þér lagt fram með, að greindum leiguliðum verði gefinn upp tíundi parturinn af þeim hluta landskuldarinnar og kúgildaleigunnar, sem ekki er goldinn í peningum 8 skildinga alinin, ef þeir gjalda níu tíundu parta af afgangunum í peningum, og að þeim af leiguliðunum, sem þetta er um megn, verði leyft að gjalda jarðar-afgjöldin afdráttarlaust í þeim landaurum, sem umboðsmaðurinn hefir vikið á, að landaurarnir verði síðan seldir á uppboðsþingi, ef fyrir þá fæst, að öllum kostnaði frádregnum, níu tíundu partar af verðlagsskrár verði á þeim, en að þeir að öðrum kosti verði fluttir í kaupstað og reynt að koma þeim út þar.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörð það, að dómsmálastjórnin getur ekki með neinu móti fallið á að koma til leiðar, að gjaldmátanum á jarðarafgjöldunum af tæðum umboðsjörðum verði breytt um stundarsakir, á neinn þann hátt, að það yrði á kostnað ríkissjóðsins að koma landaurum, sem ekki hefir verið samið um, í peninga til lúkningar á afgangjöldunum, og að dómsmálastjórnin, sökum þess að ástand það á umboðsjörðunum, sem skýrskotað er til sem ástæðu fyrir þessu, er ekki fáheyrdara en svo, að það má búast við, að það komi þá og þegar aptur uppá, sér sér yfir höfuð að tala ekki fært, að veita neina almenna ívilnun í þessu efni, hvort sem hún nemur meira eða minna. Aptur á móti er dómsmálastjórnin eptir málavöxtum ekki mótfallin því, að umboðsmanni sé veitt heimild til í þeim tilfellum, þar sem sérlegar ástæður eru fyrir hendi, að veita hlutaðeigandi leigulíðum frest með að gjalda landskuldina, sem samið hefir verið um, þangað til eptir lestir, til þess að þeim á meðan geti hafa tekizt að hafa einhver ráð með að útvega sér peninga til að borga landskuldina með.

1869.  
9. marz.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skyldu prestsekkna að gjalda tíund til kirkju.

31. marz.

Útaf því að Guðríður Jónsdóttir, prestsekkja á Hörgsdal í Vestur-Skaptafellssýslu, hefir boríð sig upp við yður, háæruverðugi herra, um að hlutaðeigandi umboðsmaður hafi krafizt af sér tíundar til Prestbakka kirkju, hafið þér lagt fram með í bréfi dagsettu 28. nóvembermán. f. á., að tæð prestsekkja verði leyst undan að greiða tíundargjald þetta, eða að málefniinu að öðrum kosti verði skotið til úrlausnar dómstólanna, og hafið þér um það efni skýrskotað til reglugjörðar 17. júlímán.